

## 14. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og í einstökum liðum fyrir eitt ár í senn.

## 15. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald, svo og vatnsskattinn sjálfan eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar.

## 16. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og endurskoðast reikningar af endurskoðendum hreppsins árlega. Vatnsskatturinn samkvæmt 11. gr. innheimtist af oddvita um leið og fasteignaskattar.

## 17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við að lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla  
o. fl., nr. 660 27. nóvember 1981.**

## 1. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Skólanefnd, skipuð lögreglustjóranum í Reykjavík, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, fulltrúa Landssambands lögreglumanna og starfsmanni dómismálaráðuneytisins, tilnefndum af dómismálaráðherra, skal hafa yfirumsjón með starfsemi lögregluskólans. Starfsmaður dómismálaráðuneytisins er formaður skólanefndar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. másl. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lög-reglumenn, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. nóvember 1986.*

**Jón Helgason.**

*Hjalti Zóphóníasson.*